

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 13. desember 2012 í máli nr. E-23/2012:

A

(Flosi Hrafn Sigurðsson hdl.)

gegn

Íslenska ríkinu

(Einar Karl Hallvarðsson hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 5. nóvember sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af A, til heimilis að [...], gegn Íslenska ríkinu, með stefnu birtri 4. janúar 2012.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 1.000.000 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 10. febrúar 2012 til greiðsludags.

Þá er þess krafist að íslenska ríkið verði dæmt til greiðslu málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi, auk virðisaukaskatts, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Af hálfu stefnda er þess aðallega krafist að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði gert að greiða stefnda málskostnað samkvæmt mati dómsins en til vara að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og að málskostnaður verði felldur niður.

Málavextir

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness dagsettum 27. febrúar 2009 fékk lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, með vísan til 81. gr. og 83. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, heimild til að hlusta og hljóðrita símtöl úr tveimur tilgreindum símanúmerum auk annarra símanúmera og símtækja (IMEI-númer) sem stefnandi hafði í eigu sinni eða umráðum frá og með 27. febrúar 2009 til 26. mars 2009. Jafnframt fékk lögreglustjórinn heimild til að nema SMS-sendingar. Í úrskurðinum kemur fram að samkvæmt greinargerð lögreglu sem lögð var fyrir héraðsdóm vegna kröfu lögreglustjórans hafi lögregla að undanförunu haft til rannsóknar mál, aðallega ætlaðan fíkniefnainnflutning til Íslands og sé hin ætlaða refsiverða háttsemi talin tengjast mótórhjólaklúbbnum Fafner MC og meðlimum þess og sé stefnandi varaforseti og meðlimur klúbbsins.

Í kröfugerð lögreglustjórans til héraðsdóms vegna kröfu um heimild til húsleitar segir:

„Samkvæmt upplýsingum lögreglu fari A reglulega til annarra landa til funda við Hells Angels mótorhjólaklúbbinn og aðra er tengjast Hells Angels. Lögregla hefur einnig upplýsingar um að Hells Angels meðlimir hafi komið til Íslands á þessu ári og hafi þeir heimsótt A og aðra meðlimi Fafner MC. Ætlun lögreglu er að þessar heimsóknir séu liður í skipulagðri brotastarfsemi Fafner MC og Hells Angels. Þannig kom aðili frá Noregi hingað til lands í nóvember á síðasta ári, aðili, sem er þekktur hjá Hells Angels fyrir að skipuleggja meðal annars innflutning, dreifingu og sölu fíkniefna. Forseti Fafner MC, B, sótti greindan aðila á Keflavíkurflugvöll.

Auk framangreinds hafa lögreglu borist upplýsingar um að Hells Angels ætli að yfirtaka fíkniefnamarkaði hér á landi með aðkomu Fafner MC.

Fafner MC sé nú stuðningsklúbbur Hells Angels, en slíkir klúbbar munu skv. starfsemi Hells Angels vera reiðubúnir að sinna verkefnum sem Hells Angels setur þeim fyrir. Er um að ræða skref í að komast inn í Hells Angels samtökin.

Hells Angels hafa tengst skipulagðri glæpastarfsemi nánast frá upphafi samtakanna og hafa meðlimir verið dæmdir í fjölmörgum málum, m.a. fíkniefnabrot og stórfelld ofbeldisbrot. Nokkrir meðlimir Fafner MC hafa verið dæmdir m.a. vegna fíkniefnamála og stórfelldra ofbeldisbrota.

Miklu skiptir því fyrir áframhaldandi rannsókn málsins að fengin sé heimild til rannsóknaraðgerðar í samræmi við kröfu í því skyni að afla sönnunargagna um hið ætlaða brot.“

Meðal framlagðra gagna er skýrsla lögreglu frá 23. febrúar 2009 sem lögð var fram í héraðsdómi ásamt kröfu um úrskurð um símahlustun. Þar segir:

„Lögreglu hafa borist upplýsingar þess efnis að [...], varaforseti velhjólasamtakana Fafnir mc sé í skipulagðri brotastarfsemi sem sé tengd aðild hans að Fáfni mc.

Um er að ræða A, kt. [...]. Hann hefur komið við sögu lögreglu við rannsókn á innflutning á fíkniefnum ásamt líkamsárásar málum.

Brotastarfsemin á að vera víðtæk en aðallega er nefndur fíkniefnainnflutningur sem á að vera ein helsta tekjulind Fáfnis mc. Jafnframt er nefnt verndarþjónusta, peningaþvætti, handrukkun o.fl. Upplýsingar hafa jafnframt borist að Fáfni mc munu ætla sér hreina yfirtöku á íslenska fíkniefnamarkaðnum.

Fáfni mc á að vera á lokastigi að verða fullgildur vítisengla vélhjólaklúbbur og eiga samtökunum að vera stýrt að utan af öðrum norskum vítisenglasamtökum.

Undanfarna mánuði hafa löggæslustofnanir veitt því athygli að meðlimir Fáfni mc hafa verið að ferðast mikið ásamt því að fá erlenda vítisengla í heimsókn til Íslands. Margir af þeim erlendum meðlimum hafa átt brotaferil og þá m.a. fyrir

innflutning, dreifingu og sölu á fikniefnum.

Mest hefur borið á ferðalögum A og telur lögregla þessar heimsóknir og ferðalög liður í ætlaðri brotastarfsemi.

Jafnframt hafa borist tilkynningar þess efnis að meðlimir Fáfnis mc stundi handrukkanir og því sé öllu stýrt af A þar sem B, kt. [...], forseti Fáfnis mc er búsettur í Noregi.“

Í niðurstöðu héraðsdóms segir að til rannsóknar sé stórfelldur innflutningur á fikniefnum sem getur varðað við 173. gr. a almennra hegningarlaga. Þar eru rakin ofangreind atriði úr skýrslu lögreglu frá 23. febrúar 2009. Síðan segir: „Með vísan til framanritaðs og gagna málsins verður fallist á að fyrir hendi séu skilyrði 81., sbr. 83. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 til þess að verða við kröfu lögreglustjórans eins og hún er fram sett og nánar greinir í úrskurðarorði.“

Stefnandi lýsir því í stefnu að hann hafi um árabil grunað að sími hans hafi verið hleraður. Hann segir ástæðu þess vera þá að hann hafi verið í forsvari fyrir vélhjólasamtökin Fáfni, sem síðar hafi gerst aðili að vélhjólasamtökunum Hells Angels. Segir stefnandi að íslensk stjórnvöld virðist telja að stefnandi standi í glæpsamlegri starfsemi hvers konar í tengslum við starfsemi vélhjólasamtakanna og hafi hann og aðra meðlimi samtakanna undir miklu eftirliti, bæði með símahlustun og einnig séu stefnandi og aðrir meðlimir félagsins iðulega stoppaðir þegar þeir aka saman á vélhjólum sínum og við önnur tækifæri.

Með bréfi dagsettu 13. apríl 2011 óskaði stefnandi eftir yfirliti frá lögreglu yfir allar rannsóknaraðgerðir, samkvæmt lögum nr. 88/2008 og 19/1991, sem beitt hafði verið gagnvart honum frá árinu 2000 fram til 13. apríl 2011.

Í svarbréfi lögreglustjórans frá 20. maí 2011 kom fram að í eitt skipti hefði þeim rannsóknaraðgerðum sem upp eru taldar í XI. kafla laga nr. 88/2008 verið beitt gagnvart stefnanda. Hafi það verið vegna máls nr. 006-2008-001474 og var þá leitað úrskurðar dómara sem heimilaði hlustun með úrskurði dagsettum 27. febrúar 2009. Á grundvelli þess úrskurðar hafi sími stefnanda verið hlustaður frá 27. febrúar 2009 til 20. mars 2009. Í bréfinu kom fram að stefnanda var tilkynnt um aðgerðina 6. maí 2011 og að rannsóknarhagsmunir hafi staðið í vegi fyrir því að unnt hefði verið að tilkynna um aðgerðina fyrr. Með bréfinu fylgdi listi yfir þau mál sem til rannsóknar höfðu verið gagnvart stefnanda.

Þann 9. júní 2011 svaraði stefnandi framangreindu bréfi lögreglunnar og óskaði eftir afriti af öllum gögnum lögreglumáls nr. 006-2008-1474 auk upplýsinga um hvort stefnandi hefði enn réttarstöðu grunaðs manns við rannsóknina. Ekkert svar barst við bréfinu og var erindið margítrekað uns honum var loks tjáð í símtali þann 19. ágúst 2011 að Ríkislögreglustjóri færi með mál stefnanda og væru gögnin því hjá honum.

Með bréfi dagsettu 2. september 2011 óskaði stefnandi því eftir gögnum málsins frá Ríkislögreglustjóra sem svaraði með bréfi dagsettu 16. september 2011 og sagði að engum þvingunarúrræðum hefði verið beitt gagnvart stefnanda í umræddu máli. Einnig kom fram að það væri því Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu að gera grein fyrir rannsókn málsins og var stefnanda bent á

að snúa sér aftur þangað.

Þann 29. september 2009 sendi lögmaður stefnanda enn erindi til Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem svaraði með bréf dagsettu 14. október 2011. Þar kom fram að fyrir mistök hefði verið vísað í fyrra svari til lögreglumáls nr. 006-2008-1474. Þau mistök megi rekja til þess að þegar stefnanda var tilkynnt um rannsóknaraðgerðina hafi lögregluskýrsla varðandi hana verið tengd við það mál. Það mál sé hins vegar alls ekki tengt umræddri rannsóknaraðgerð. Mál stefnanda hefði ekki verið rekið undir tilteknu málanúmeri en úr því hafi verið bætt og það fengið númerið 007-2011-061778. Bréfinu fylgdu gögn málsins. Einnig segir þar að rannsókn á hendur stefnanda hafi verið hætt þar sem framkomin gögn þóttu ekki líkleg til sakfellis.

Í málinu liggur fyrir umsögn Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, frá 3. febrúar 2012, um bótakröfu stefnanda. Þar kemur fram að hjá lögreglu lágu fyrir fjölmargar ábendingar og talsverðar upplýsingar þess efnis að meðlimir MC Fafner stæðu að ofbeldi, fjárkúgunum, vændi, mansali, peningþvætti og stórfelldum innflutningi fíkniefna. Vegna stöðu stefnanda innan klúbbsins og tengsla hans við erlenda sem innlenda brotamenn og upplýsinga um að hann hefði það hlutverk innan samtakanna að skipuleggja netverk og umhverfi fyrir skipulega brotastarfsemi sem eftir ábendingum varði innflutning, dreifingu og sölu fíkniefna var ákveðið að beina rannsókn lögreglu sérstaklega að stefnanda. Var það ætlun lögreglu að stefnandi væri mikilvægur þáttur í skipulagðri brotastarfsemi hér á landi og að hann hefði í undirbúningi stórfelldan innflutning á fíkniefnum til landsins.

Þá segir í bréfinu að rannsóknir mála sem þessara taki iðulega mánuði eða ár áður en endanlegur grunur um tiltekið afbrot fáist staðfestur og rannsókn leiði til ákæru og að rannsóknin hafi byggst á upplýsingum frá fleiri en einum upplýsingaaðila sem taldir voru áreiðanlegir.

Loks segir í bréfi lögreglustjóra:

„Stefnandi var á þessum tíma í forsvari fyrir MC Fafner og í nánum tengslum við meðlimi hinna alþjóðlegu samtaka Hells Angels. Upplýsingar lágu fyrir um að MC Fafner stefndi að því allt frá stofnun klúbbsins að gerast fullgildir meðlimir í Hells Angels. Þau samtök eru talin, m.a. af Evrópulögreglunni sem og yfirlögdum víða um heim, skipulögð glæpasamtök. Margir meðlimir þeirra hafa verið dæmdir fyrir alvarleg afbrot og telja þeir sig tilheyra þeim hópi mannkyns (1%) sem lifir utan laga og réttar. Bera meðlimir merki þess efnis. Í dag hefur MC Fafner öðlast fullgilda aðild að Hells Angels og nafni klúbbsins verið breytt í MC Iceland. Stefnandi er enn forsprakki klúbbsins. Með þátttöku í klúbbi þar sem yfirlýst höfuðmarkmið var að gerast fullgildir meðlimir í heimssamtökum sem talin eru skipulögð glæpasamtök og nánú samneyti við meðlimi þeirra, stuðlaði stefnandi að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á.“

Stefnandi gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins og einnig C rannsóknarlögnum.

Málsástæður og lagarök stefnanda

1. Ólögmet símahlustun

Stefnandi telur að símahlustun sem beindist gagnvart honum hafi verið óheimil og skilyrði 81. gr., sbr. 83. gr. laga nr. 88/2008 hafi ekki verið uppfyllt. Grundvallarskilyrði allra þvingunaraðgerða sé að til þeirra sé stofnað vegna rannsóknar tiltekins máls. Af gögnum málsins megi sjá að hlustun á síma stefnanda sé vegna ótiltekinna mála og virðist sem ekkert eitt mál hafi verið til rannsóknar gagnvart honum. Það megi í fyrsta lagi sjá af þeirri staðreynd að mál stefnanda fékk ekki málsnúmer hjá lögreglu fyrr en seint á árinu 2011. Þá megi sjá af greinargerð Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þegar gerð var krafa um símahlustun að rannsóknin virðist beinast að fíkniefnainnflutningi hvers konar, handrukunum, hótunum, ofbeldi o.fl. Engin afmörkun sé á þeim brotum sem stefnandi er talinn hafa framið eða tilvísun til tiltekins afbrots á ákveðinni dagsetningu.

Engin gögn sem tilheyri málinu bendi til þess að rannsókn gagnvart stefnanda sé studd raunverulegum gögnum, öðrum en sögusögnum um stefnanda, félagið Fáfni og Hells Angels. Stefnandi telur því að rökstuddur grunur hafi ekki verið til staðar þegar hlustun var heimiluð á síma hans. Ef slík rök teljist nægjanleg ætti að vera mögulegt að hlusta síma stefnanda og annarra meðlima Fáfnis, nú Hells Angels, allan ársins hring með vísan til almennrar skoðunar á málefnum félagsins og sögusagna um að félagið og meðlimir þess séu þátttakendur í skipulagðri glæpastarfsemi. Stefnandi telur þessa málsmeðferð ólögmeta og alls ekki eðlilega í samfélagi sem byggir á meginreglum réttarríkisins. Teljist slík málsmeðferð eðlileg eigi samfélag okkar meira skylt við lögregluríki þar sem lögreglan fari sínu fram án þess að heimildir hennar séu takmarkaðar að nokkru leyti. Stefnandi telur rannsókn á máli því sem tengist símahlustun þessari falla undir svokallaðar forvirkar rannsóknaraðgerðir lögreglu þar sem lögregla hafði ekki annað en einfaldan grun um að stefnandi og aðrir félagar í Fáfni stundi skipulagða glæpastarfsemi. Engin heimild sé fyrir slíkum aðgerðum í lögum um meðferð sakamála og telur stefnandi aðgerðirnar því ólögmetar.

Stefnandi telur því að úrskurður héraðsdóms sé ekki á rökum reistur og hefði aldrei átt að heimila rannsóknaraðgerð þessa á grundvelli þeirra gagna sem stefnandi hefur aðgang að. Hafi úrskurður héraðsdóms byggst á öðrum gögnum sem stefnandi hefur ekki fengið aðgang að er skorað á stefnda að leggja þær upplýsingar fram.

Jafnvel þótt það teljist sannað að ástæða hafi verið til þess að hlusta síma stefnanda og skilyrði 81. gr., sbr. 83. gr. laga nr. 88/2008 verið uppfyllt telur stefnandi að greiða eigi honum miskabætur þar sem rannsókn málsins hafi verið felld niður og sé stefnandi ekki lengur sakborningur við rannsókn þess. Í 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008 kemur skýrlega fram að dæma skuli bætur vegna aðgerða samkvæmt IX.-XIV. kafla laga nr. 88/2008 ef skilyrði 1. mgr. eru fyrir hendi. Engu máli skipti því hvort skilyrði til þess að framkvæma umrædda rannsóknaraðgerð hafi verið til staðar þegar óskað var eftir henni. Staðreyndin sé sú að rannsókn málsins hafi verið látin niður falla án þess að talin sé ástæða til þess að sækja

stefnanda til sakar. Af þeim sökum eigi hann rétt á miskabótum.

Stefnandi telur einnig að lögregla hafi ekki haft í heiðri ákvæði 2. mgr. 85. gr. laga nr. 88/2008 þar sem fram kemur að lögreglustjóri skuli tilkynna um símahlustun svo fljótt sem verða megi, en þó þannig að það skaði ekki frekari rannsókn málsins. Af þeim gögnum sem stefnandi hefur undir höndum bendir ekkert til þess að mál hans hafi verið rannsakað að nokkru leyti frá því að tekin var ákvörðun um að hætta hlustun á síma hans á árinu 2009. Það er ekki fyrr en stefnandi kannaði hvort hann hefði verið beittur þvingunarráðstöfunum af einhverju tagi sem stjórnvaldið sem um ræðir taldi ástæðu til að upplýsa hann um rannsóknaraðgerðina. Augljóst sé að hér sé ekki um tilviljun að ræða og engar líkur á því að stefnandi hefði verið upplýstur um rannsóknaraðgerðina hefði hann ekki farið sjálfur á stúfana til þess að kanna aðgerðir lögreglu gagnvart sér. Ekkert bendir því til þess að nauðsynlegt hafi verið að tilkynna stefnanda svo seint um símahlustun gagnvart honum. Stefnandi telur málsmeðferð lögreglu ólögmæta og hafa aukið á miska hans.

2. Sá tími sem leið frá handtöku þar til stefnandi fékk vitneskju um að hann nyti ekki stöðu sakbornings

Stefnandi telur að sá tími sem leið eftir að hann fékk réttarstöðu sakbornings og þar til hann var upplýstur um að hann nyti ekki slíkrar stöðu hafi verið allt of langur. Lögregla sýndi ekkert frumkvæði að því að tilkynna stefnanda um stöðu málsins gagnvart honum en líkt og fram hefur komið var það ekki fyrr en stefnandi hafði samband við lögreglu að stjórnvaldið veitir máli stefnanda málsnúmer, tilkynnir honum um rannsóknaraðgerðir og að hann hafi ekki lengur réttarstöðu sakbornings. Af gögnum málsins má því leiða að lögregla sinnti ekki skyldu sinni til þess að tilkynna stefnanda að hann hefði ekki lengur réttarstöðu sakbornings við rannsókn málsins, sbr. 3. mgr. 57. gr. sakamálalaga. Stefnandi telur það leiða til þess að stefnda beri að greiða honum bætur. Við ákvörðun bóta er óhjákvæmilegt að taka tillit til þess að það brot er stefnandi var grunaður um að hafa framið voru alvarleg, stórfelldur fíkniefnainnflutningur, ofbeldisglæpir og skipulögð glæpastarfsemi. Nauðsynlegt er að gera ríkari kröfur til lögreglu um að fylgja formreglum þegar rannsókuð eru svo alvarleg brot.

3. Um fjárhæð miskabóta og dráttarvexti

Samkvæmt 5. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008 skal bæði bæta fjártjón og miska. Krefst stefnandi 1.000.000 kr. í miskabætur. Í 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 er fjallað um miskabætur. Þar segir meðal annars að „heimilt sé að láta þann sem af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi ber ábyrgð á ólögmætri meingerð gegn frelsi friði, æru eða persónu manns greiða miskabætur til þess sem misgert var við“. Stefnandi telur að stefndi hafi brotið gróflega gegn sér. Ekki eingöngu vegna þess íþyngjandi úrræðis sem felst í símahlustun og vegna málsmeðferðar stjórnvaldsins heldur var sá tími sem hann naut stöðu sakbornings allt of langur.

Með símahlustun rýfur lögregla friðhelgi einkalífs og heimilis stefnanda. Lögregla hlustaði á einkasamtöl stefnanda þegar hann gerði ekki ráð fyrir að nokkur væri að hlusta á samtöl hans. Einstaklingur er sjaldnast í meiri vissu um að hann sé í einrúmi en þegar hann á einkasamtal við fjölskyldumeðlimi eða vini í gegnum síma. Vitneskja um að þriðji aðili hafi hlustað á öll einkasímtöl stefnanda veldur honum því miklum miska. Stefnandi telur slíkt brot á friðhelgi einkalífs og heimilis verndað af stjórnarskrá, sbr. 71. gr. hennar, og því afar mikilvægt að fjárhæð miskabóta sé miðuð við alvarleika þess brots sem um ræðir. Fjárhæð miskabóta á að taka tillit til almennra og sérstakra varnaðaráhrifa skaðabótareglna.

Að sama skapi telur stefnandi að sú staðreynd að hann hafi nú í tæp þrjú ár verið grunaður um alvarleg afbrot sem tengist meintri skipulagðri glæpastarfsemi í tengslum við starfsemi vélhjólasamtakanna Fáfnis valdi honum miklum miska.

Málsmeðferð stjórnvalda í tengslum við mál hans hafi einnig verið langt því frá til fyrirmyndar. Málið hafi aldrei fengið málsnúmer fyrr en eftir að stefnandi kannaði hvort hann hefði verið beittur þvingunarúrræðum af einhverju tagi á undanförunum árum. Lögregla virðist ekki vera að kanna tiltekið afbrot sem stefnandi var grunaður um heldur sé um almenna rannsókn á mörgum mismunandi brotaflokkum að ræða þegar ekkert annað liggur til grundvallar rannsókn en almannarómur um félagið Fáfni og Hells Angels. Þetta telur stefnandi hafa aukið verulega á miska hans.

Kröfur um dráttarvexti styður stefnandi við III. og IV. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 með síðari breytingum.

Um lagarök vísar stefnandi til meginreglna skaðabóta- og refsiréttar auk meginreglna opinbers réttarfars og 71. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins. Þá vísar stefnandi til ákvæða laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, sérstaklega 81., 83. og 228. gr. Loks vísar hann til reglna skaðabótalaga nr. 50/1993, einkum til 26. gr. um miskabætur, almennu sakarreglunnar á sviði skaðabótaréttar og til 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Kröfur um dráttarvexti styður stefnandi við III. og IV. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 með síðari breytingum og kröfur um málskostnað styður stefnandi við 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Varðandi varnarþing vísast til 32. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi byggir á því að heimilt hafi verið að hlusta síma stefnanda og afla upplýsinga um símnotkun og SMS-skilaboð, enda hafi skilyrði 81. gr., sbr. 83. gr. laga nr. 88/2008 verið uppfyllt. Fyrir liggur úrskurður Héraðsdóms Reykjaness frá 27. febrúar 2009 þess efnis. Stefndi bendir á að þótt mál fái ekki sérstakt málsnúmer strax í upphafi hjá lögreglu sé það ekki merki þess að ekki sé til rannsóknar eða skoðunar tiltekið brot. Ótvírætt kom fram í beiðni lögreglustjóra sem lögð var fyrir héraðsdóm af hvaða sérstaka tilefni hún væri sprottin. Engu skiptir þótt mistök hafi orðið þess valdandi að rangt málsnúmer hafi verið tilgreint, en stefnanda var tilkynnt um það bréflega 14. október 2011.

Stefndi leggur áherslu á að í þessu máli var krafa lögreglu um símahlustun gerð á fyrstu stigum rannsóknar og kemur fram í umsögn lögreglu að rannsóknin hafi byggst á upplýsingum frá fleiri en einum aðila sem taldir voru áreiðanlegir. Fyrir því eru skýr dómafordæmi að lögreglu sé ekki skylt að gefa upp heimildarmenn sína. Þegar gripið er til úrræða eins og símahlustunar gefur augaleið að það kann oft að vera á allra fyrstu stigum rannsóknar. Krafa um beitingu þeirra úrræða var lögð fyrir dómara sem taldi að skilyrði 81. gr., sbr. 83. gr. laga nr. 88/2008 væru fyrir hendi. Byggir stefndi á því að rannsóknaraðgerðirnar hafi verið lögmætar og réttmætar og tengst tilteknum málum. Þá leiðir af eðli máls að rannsóknarúrræði eru brýnni og meiri ástæða til þeirra ef menn tengjast klúbbum eins og þeim sem fyrr getur.

Þótt símahlustun hafi í tilviki stefnanda tengst tilteknum málum er lögreglu engu að síður heimilt að byggja þvingunarúrræði sem þessi á almennum grunsemdum svo sem leiðir af ákvæðum sakamálalaga, þ. á m. 1. gr. og 2. mgr. 83. gr. enda standa einnig almannahagsmunir til þess.

Krafa stefnanda er til greiðslu miskabóta á grundvelli 228. gr. laga nr. 88/2008, þar sem kveðið er á um að maður sem borinn hefur verið sökum í sakamáli og þurft að þola aðgerðir samkvæmt IX.-XIV. kafla laganna eigi rétt á bótum ef mál hans hefur verið fellt niður og að nánari skilyrðum uppfylltum.

Stefndi byggir á því að ekki geti verið um hlutlæga bótaábyrgð að ræða eða beinan bótarétt þótt símahlustun hafi farið fram. Meira þurfi til að koma í því tilviki enda er símahlustun frábrugðin mörgum öðrum úrræðum í IX.-XIV. kafla laganna. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 88/2008 kemur fram að bótaréttur samkvæmt 228. gr. sé rýmkaður með frumvarpinu. Þar kemur einnig fram að símahlustun sem fengin væri án dómsúrskurðar og teldist þar með ólögmæt gæti leitt til bótaskyldu. Þar sem símahlustunin var að mati stefnda fyllilega lögmæt og réttmæt, auk þess að styðjast við dómsúrskurð, eru engin skilyrði til bóta. Lög kveða á um framkvæmd símahlustana sem úrræði við rannsóknir lögreglu. Þá kveða lög á um að sakborningur eigi rétt á að fá síðar upplýsingar um hlustunina. Lögreglumenn eru bundnir þagnarskyldu og stefnandi verður í raun ekki var við hlustunina meðan hún á sér stað, eðli málsins samkvæmt. Í málinu hefur stefnandi hvergi sýnt fram á nokkuð sem getur hafa orðið honum til miska. Honum var og er rétt að treysta því að lögreglan fari að lögum við beitingu úrræða sem þessara og nýtur réttinda að lögum, þ. á m. þeirra að honum sé tilkynnt um hlustunina síðar. Þrátt fyrir vernd þá sem mælt er fyrir um í 71. gr. stjórnarskrár felur ákvæðið að sama skapi í sér heimild til þvingunarúrræða eins og þeirra sem beitt var og úrskurðað var um af dómi og á grundvelli laga. Vísar stefndi hér til 2. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framansögðu eru bótaskilyrði ekki uppfyllt að mati stefnda og stefnandi hefur hvergi sýnt fram á miska sinn af aðgerðinni. Kemur einnig fram í 228. gr. að dæma skuli bætur fyrir fjártjón og miska „ef því er að skipta“.

Stefndi byggir einnig á því að ekki sé uppfyllt skilyrði laganna til greiðslubóta þar sem stefnandi var á þessum tíma í forsvari fyrir MC Fafner og í nánnum tengslum við meðlimi hinna alþjóðlegu samtaka Hells Angels. Er ekki dregin dul á það í stefnu að hann hafi verið í forsvari fyrir þessi samtök sem síðar hafi gerst aðili að Hells Angels. Svo sem fram kemur í umsögn lögreglustjóra lágu

fyrir upplýsingar um að MC Fafner stefndi að því allt frá stofnun klúbbsins að gerast fullgildur meðlimur Hells Angels. Þau samtök eru talin skipulögð glæpasamtök af lögregluembættum hér á landi og víða um heim, meðal annars Evrópulögreglunni (Europol). Fyrir liggur að nú hefur MC Fafner öðlast fullgilda aðild að Hells Angels og nafni klúbbsins verið breytt í MC Iceland. Stefnandi hefur verið forsprakki þessa klúbbs. Stefndi vísar til skýrslna ríkislögreglustjóra sem lagðar eru fram í málinu og skýrslu Europol, en í þeim er að finna greiningu á samtökum þessum. Fyrir liggur einnig að í tveimur dómum Héraðsdóms Reykjavíkur í málunum nr. E-6158/2010 og E-6159/2010, sem kveðnir voru upp 22. desember 2011, er lagt til grundvallar réttmæti hættumats ríkislögreglustjóra og að um skipulögð glæpasamtök sé að ræða. Er fullyrt í greindum dómum að koma manna hingað í þeim tilgangi að greiða fyrir inngöngu íslenskra samtaka í Hells Angels feli í sér *raunverulega og alvarlega ógn við allsherjarreglu og almannaöryggi*. Í ljósi 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála hefur stefnandi ekki lagt fram nokkuð það sem hnekk getur þessum niðurstöðum. Þá byggir stefndi einnig á mötum og skýrslum lögregluþyrvalda, einkum frá ríkislögreglustjóra og Europol. Lögum samkvæmt ber ríkislögreglustjóra að sinna verkefnum og greiningum sem að þessu líta, sbr. b-lið 2. mgr. 5. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Því ber að ganga út frá því að skýrslur þessar og greiningar séu á rökum reistar.

Með vísan til þessa byggir stefndi á því að með því að gerast meðlimur í samtökum sem þessum, heimssamtökum sem skilgreind eru sem skipulögð glæpasamtök, og fara fyrir klúbbum sem forsprakki eða vera í forsvari fyrir slík samtök, hafi stefnandi stuðlað að aðgerðum gegn sér í skilningi 228. gr. laga nr. 88/2008. Komi það ákvæði til álita við úrlausn málsins, ber að fella niður bætur og sýkna stefnda af þessum ástæðum.

Stefndi mótmæltir því að brotið hafi verið gegn 2. mgr. 85. gr. laga nr. 88/2008. Svo sem fram kemur í umsögn lögreglunnar var lagt til þann 19. mars 2009 að símahlustun yrði hætt þar sem það rannsóknarræði hefði ekki varpaði skýrara ljósi á hin meintu brot sem til rannsóknar voru. Símahlustun var síðan hætt daginn eftir eða 20. mars. Rannsókn málsins hélt hins vegar áfram þótt símahlustun væri hætt. Að mati stefnda var ekki ástæða til að tilkynna um þetta þar sem talið var að það myndi skaða frekari rannsókn eðli málsins samkvæmt. Þannig var því slegið á frest að tilkynna um það með vísan til 2. mgr. 85. gr. laganna. Þegar ekki komu fram frekari upplýsingar sem styrktu grun lögreglu var ákveðið nokkru síðar, eða 6. maí 2011, að hætta rannsókn og tilkynna sakborningi um beitingu símahlerunarinnar í samræmi við fyrrgreint ákvæði.

Stefndi hafnar því að tími sá sem leið eftir að hann fékk réttarstöðu sakbornings þar til hann var upplýstur um að hafa ekki lengur þá stöðu í málinu hafi verið allt of langur og andstæður 3. mgr. 57. gr. laga nr. 88/2008. Eðli málsins samkvæmt taka mál af þessum toga oft mjög langan tíma, sér í lagi undirbúningur þeirra og fyrstu skref. Rannsóknarhagsmunir voru því þess eðlis að ekki var rétt að tilkynna honum um símahlustunina fyrr en í maí 2011. Stefnanda mátti vera ljóst að þegar honum var tilkynnt að símahlustun væri hætt hefði rannsókn málsins einnig verið hætt. Hins vegar var honum tilkynnt það 14. október 2011. Málsástæður stefnanda um þessi atriði eða atvik leiða ekki til bótaskyldu.

Stefndi telur órökstuddar í stefnu málsástæður undir fyrirsögn um tíma sem liðið hafi frá handtöku uns hann hafi fengið vitneskju um að hann nyti ekki lengur stöðu sakbornings í málinu. Stefnandi var ekki handtekinn vegna þessa máls.

Stefndi mótmælir sérstaklega rökstuðningi fyrir umkröfðum miskabótum. Hvergi eru að mati stefnda uppfyllt skilyrði 26. gr. laga nr. 50/1993 og á engan hátt brotið gegn stefnanda. Óljóst er hvað átt er við í stefnu með tilvísun til meginreglna skaðabóta- og refsiréttar auk meginreglna opinbers réttarfars. Er þessum tilvísunum þó mótmælt og að þær styðji ekki kröfur stefnanda, sem einkum virðast byggðar á 228. gr. laga um meðferð sakamála. Stefndi tekur fram að engri saknæmri eða ólögumætri háttsemi sé til að dreifa af hálfu starfsmanna stefndu sem leitt gæti til bótaábyrgðar gagnvart stefnanda. Þá mótmælir stefndi því einnig að 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu styðji kröfur hans og málatilbúnað.

Með vísan til alls þessa krefst stefndi þess að sýknað verði af öllum kröfum stefnanda. Verði ekki á það fallist er kröfum mótmælt sem allt of háum, einnig með vísan til framangreinds.

Af hálfu stefnda er kröfum um dráttarvexti mótmælt, einkum upphafstíma þeirra.

Til stuðnings kröfum stefnda um málskostnað vísast í öllum tilvikum til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða

Í máli þessu er deilt um það hvort stefndi sé bótaskyldur vegna aðgerða lögreglu gagnvart stefnanda. Byggir stefnandi á því að framkvæmd hafi verið ólögumæt símahlustun og að of langur tími hafi liðið frá því hann var handtekinn eða fékk réttarstöðu sakbornings þar til hann fékk vitneskju um að hann nyti ekki lengur slíkrar réttarstöðu. Kröfu sína byggir stefnandi á meginreglum skaðabótaréttar, refsiréttar og opinbers réttarfars og 71. gr. stjórnarskrár auk þess sem hann vísar sérstaklega til 81., 83. og 228. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Stefnandi byggir á því að ástæða símahlustunarinnar sé að hann hafi verið í forsvari fyrir vélhjólasamtökin Fáfni sem síðar gerðist aðili að vélhjólasamtökunum Hells Angels en ekki er um það deilt að stefnandi var þegar símahlustunin átti sér stað meðlimur vélhjólasamtakanna og í fyrirsvari fyrir þau.

Eins og fram kemur í 71. gr. stjórnarskrárinnar skulu allir njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Ekki má rannsaka símtöl eða önnur fjarskipti nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Stefnandi byggir á því að þegar rannsóknaraðgerðir eru framkvæmdar með ólögumætum hætti baki það þeim sem bera ábyrgð á slíkum aðgerðum skaðabótaskyldu, sbr. 228. gr. laga um meðferð sakamála.

Samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins skal dæma bætur vegna aðgerða samkvæmt IX.-XIV. kafla laganna, þar á meðal símahlustunar, ef skilyrði 1. mgr. ákvæðisins eru fyrir hendi en þó megi fella niður bætur eða lækka þær ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á. Samkvæmt 1. mgr. er það gert að skilyrði bótaskyldu að mál hafi verið fellt niður eða viðkomandi sýknaður með endanlegum dómi.

Samkvæmt 1. mgr. 84. gr., sbr. 1. mgr. 83. gr. laga nr. 88/2088 þarf úrskurð dómara til símahlustunar ef ekki liggur fyrir samþykki umráðamanns eða eiginlegs notanda fjarskiptatækis. Skilyrði þess að hlustun verði heimiluð er að ástæða sé til að ætla að með þeirri aðgerð fái upplýsingar sem skipt geti miklu fyrir rannsókn málsins, sbr. 1. mgr. 83. gr. laga nr. 88/2008, og að rannsókn beinist að broti sem varðað geti að lögum átta ára fangelsi ellegar að ríkir almannahagsmunir eða einkahagsmunir krefjist þess.

Gögn málsins bera með sér að sími stefnanda hafi verið hlustaður frá 27. febrúar 2009 og til og með 26. mars 2009.

Samkvæmt kröfugerð lögreglu fyrir héraðsdómi vegna símahlustunar voru auk fleiri brota, til rannsóknar ætluð brot gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, stórfelldur innflutningur á fikniefnum, en samkvæmt ákvæðinu varðar brot gegn því allt að 12 ára fangelsi.

Stefnandi telur að ekkert sé fram komið sem bendi til þess að rannsókn gagnvart sér sé studd raunverulegum gögnum öðrum en sögusögum um Fáfni og Hells Angels. Slíkt nægi ekki til að teljast rökstuddur grunur ella væri hægt að hlera síma stefnanda og allra meðlima þessara félaga allan ársins hring með vísan til almennrar skoðunar á málefnum félagsins og sögusagna um að félagið og meðlimir þess séu þátttakendur í skipulagðri glæpastarfsemi.

Stefndi byggir á því að þó símahlustun hafi tengst tilteknum málum sé lögreglu engu að síður heimilt að byggja þvingunarúrræði sem þessi á almennum grunsemdum sakamálalaga. Jafnframt telur hann að með því að gerast meðlimur í vélhjólasmátökunum, heimssamtökum sem skilgreind eru sem skipulögð glæpasamtök og fara fyrir klúbbum sem forspraki eða vera í forsvari fyrir slík samtök hafi hann stuðlað að aðgerðum gegn sér í skilningi 228. gr. laga nr. 88/2008.

Lög um meðferð sakamála gera ekki þá kröfu að fram séu komnar nákvæmar upplýsingar um brot, t.d. dagsetningu eða nákvæmt umfang, til að heimild verði veitt til símahlustunar, enda er símahlustun úrræði sem eðli máls samkvæmt getur komið til skoðunar á hvaða stigi rannsóknar sem er, né heldur skiptir máli í þessu samhengi hvort mál hafi verið skráð í málaskrá lögreglu.

Eins og rakið hefur verið er óumdeilt að stefnandi var í fyrirsvari fyrir mótorhjólaklúbbinn Fáfni þegar kveðinn var upp úrskurður í héraðsdómi um heimild til símahlustunar. Í skýrslu sinni við aðalmeðferð málsins neitaði stefnandi því að hafa stundað innflutning fikniefna eða aðra skipulagða brotastarfsemi í gegnum vélhjólaklúbbinn.

Meðal framlagðra gagna í málinu er skýrsla Europol (Evrópulögreglunnar) frá 17. febrúar 2012; Knowledge Product. The Hells Angels MC: A Criminal Organisation. Í skýrslunni kemur fram að það sé mat Evrópulögreglunnar að Hells Angels uppfylli öll skilyrði þess að teljast vera skipulögð glæpasamtök. Í framlagðri skýrslu ríkislögreglustjóra frá árinu 2008 segir að Hells Angels vélhjólasmötökin hafi um langt skeið haft áhuga á að ná fótfestu hér á landi og hafi sá áhugi reynst gagnkvæmur, leiðtogar vélhjólasmotakanna Fafner MC Iceland hafi á síðustu árum sótt fast í að fá aðild að Hells Angels. Fyrsta skref í átt til fullrar aðildar felst í því að fá viðurkenningu sem „stuðningsklúbbur“ einnar deildar Hells Angels á Norðurlöndunum. Fafner MC Iceland hefur nú gerst stuðningsklúbbur Hells Angels. „Þar með hafi hópur manna, sem ítrekað hefur komist í kast við lögin hér á landi, stofnað til formlegra tengsla við skipulögð, alþjóðleg glæpasamtök.“

Þátttaka í vélhjólasmötökum á borð við Hells Angels er ekki ólögmat sem slík og starfsemi slíkra samtaka hefur ekki verið bönnuð á Íslandi. Hæstiréttur taldi í dómi í máli nr. 191/2012 að vegna þess sé ljóst að íslensk yfirvöld geta ekki gripið til tiltekinna aðgerða gagnvart íslenskum ríkisborgara á þeim grundvelli einum að hann sé meðlimur í vélhjólasmötökum eins og Hells Angels.

Í úrskurði héraðsdóms vegna kærðu um úrskurð um símahlustun kemur fram að lögreglu hafi m.a. borist upplýsingar um ætluð fíkniefnabrot. Skýrsla lögreglu sem þar er byggt á ber með sér að upplýsingarnar hafi komið frá ýmsum aðilum til lögreglu og staðfesti C það í skýrslu sinni við aðalmeðferð málsins. Þá tilgreindi hann að meðal þeirra sem gætu hafa gefið lögreglu upplýsingarnar væru aðrir lögreglumenn, borgarar og upplýsingagjafar auk þess sem þær gætu hafa komið úr fíkniefnasíma. Í skýrslu hans kom fram að upplýsingarnar væru ekki endilega nafnlausar þegar þær bærust lögreglu en henni bæri skylda til að gefa ekki upp upplýsingagjafa sína. Hann sagði að þær upplýsingar sem á hafi verið byggt í þessu máli hafi komið frá áreiðanlegum heimildum. Þeir hafi tekið mark á þessum heimildarmönnum, talið þá trúanlega og talið ástæðu til að skoða þetta betur.

Lögreglumenn starfa á grundvelli lögreglulaga nr. 90/1996 sem gera ríkar kröfur til lögreglumanna í störfum sínum, að viðlagðri ábyrgð. Ber þeim m.a. að rækja starfa sinn af kostgæfni og samviskusemi og ávallt gæta fyllstu hlutlægni og réttisýni. Í máli þessu hefur ekkert komið fram sem gefur tilefni til að efast um að það mat og þær upplýsingar sem fram koma í skýrslunni séu settar fram af hlutlægni. Með hliðsjón af ofangreindu verður að telja að ekki séu rök til að draga í efa efni skýrslunnar.

Í úrskurði héraðsdóms er einnig vísað til þess að stefnandi væri meðlimur vélhjólaklúbbsins. Með vísan til framlagðra skýrslna ríkislögreglustjóra og Evrópulögreglunnar verður ekki talið að þar sé um að ræða almennar skoðanir á félagsskap stefnanda og sögusagnir eins og stefnandi heldur fram. Né heldur verður talið að þessi rökstuðningur í úrskurðinum sé í andstöðu við áður nefndan dóm Hæstaréttar þar sem ljóst er að dómarrinn byggir þá niðurstöðu sína að heimila húsleit einnig á öðrum upplýsingum en aðild stefnanda að klúbbum. Það er því mat dómarrans að uppfyllt hafi verið skilyrði sakamálalaga fyrir heimild til símahlerunar og ekki verði því á það fallist með stefnanda að símahlustunin hafi verið ólögmat. Engu að síður eru skilyrði bótaskyldu fyrir hendi samkvæmt 2., sbr. 1. mgr. 228. gr. sakamálalaga þar sem málið var fellt niður.

Þá byggir stefnandi á því að stefndi hafi brotið gegn 2. mgr. 85. gr. sömu laga en samkvæmt ákvæðinu ber að tilkynna þeim sem símahlustun beinist að um hlustun svo fljótt sem verða má, þó þannig að það skaði ekki frekari rannsókn málsins. Stefnandi telur að málsmeðferðin hafi að þessu leyti verið ólögmat og aukið á miska hans.

Samkvæmt framburði stefnanda og C við aðalmeðferð málsins var stefnandi tilkynnt um símahlustunina í símtali þann 6. maí 2011 og samkvæmt skýrslu C einnig í samtali daginn eftir.

Stefnandi var aldrei handtekinn vegna málsins og fékk hann fyrst vitneskju um símahlustun, og þar með að hann hefði haft réttarstöðu sakbornings, í maí 2011. Honum var svo í október sama ár tilkynnt um niðurfellingu málsins. Símahlustuninni var hætt þann 20. mars 2009, þrátt fyrir að heimild héraðsdóms væri ekki útrunnin þar sem talið var að hlustunin hefði ekki varpað skýrara ljósi á ætlaða brotastarfsemi stefnanda eða styrkt grun um aðild hans að innflutningi fíkniefna.

Af hálfu stefnda er á því byggt að rannsóknarhagsmunir hafi staðið því í vegi að stefnandi væri tilkynnt fyrr að símahlustun hefði farið fram. Vegna orðalags ákvæðisins verður það ekki skilið öðruvísi en svo að einungis hagsmunir tengdir þessu tiltekna máli geti orðið til þess að tilkynningu sé frestað. Við aðalmeðferð málsins var C spurður um rannsókn málsins eftir að hlustun á síma stefnanda var hætt. Hann sagði að hlustuninni hefði verið hætt þar sem aðgerðin hafi ekki gagnast lögreglu. Það hafi ekki þýtt að þeir hafi verið hættir að fylgjast með Hells Angels eða Fáfni. Meðan stefnandi var í forsvari fyrir þessi samtök fylgdist lögregla með þeim. Aðspurður hvort fram hafi komið frekari upplýsingar sem hafi gefið ástæðu til að halda áfram rannsókn svaraði hann að mál væru og hafi verið fyrir dómstólum en vildi ekki tjá sig um þau frekar.

Engin gögn hafa verið lögð fram í málinu sem benda til þess að frekari rannsókn hafi farið fram gagnvart stefnanda. Þar sem málið tengist líka vélhjólasmáttökunum er rétt að líta einnig til þess hvort rannsókn málsins hafi verið fram haldið gagnvart öðrum einstaklingum þeim tengdum en engin gögn liggja fyrir um það önnur er framburður C sem getið er um hér að ofan. Sá framburður verður ekki skilinn svo að rannsókn þessa máls hafi leitt til umræddra dómsmeðferða.

Með hliðsjón af því sem fram er komið í málinu verður ekki séð að málið hafi verið til rannsóknar gagnvart stefnanda frá því hlustun var hætt þar til það var fellt niður. Símahlustun er alvarlegt inngríp í friðhelgi einkalífs og því ber að fara varlega við beitingu þess úrræðis. Er því nauðsynlegt að viðkomandi sé tilkynnt eins fljótt og verða má um hlustun. Eins er nauðsynlegt að lögregla geti rökstutt með skýrum hætti á hvaða grundvelli frestun tilkynningar á sér stað þar sem hér er um að ræða undantekningu frá þeirri meginreglu að símahlustun skuli tilkynnt strax að henni lokinni. Það er mat dómars að meðferð málsins hafi hvað þetta varðar verið í andstöðu við 2. mgr. 85. gr. laga um meðferð sakamála.

Stefnandi byggir ýmist á því að of langur tími hafi liðið frá handtöku eða frá því að hann fékk réttarstöðu sakbornings, þar til hann fékk vitneskju um að hann

nyti ekki réttarstöðu sakbornings og sé þessi málsmeðferð í andstöðu við 3. mgr. 57. gr. sakamálalaga.

Eins og fram er komið var stefnandi aldrei handtekinn vegna málsins. Hann var hins vegar grunaður um brot og vegna þess var beitt rannsóknarræðum laga um meðferð sakamála gegn honum. Lögin gera ekki greinarmun á því hvort viðkomandi hefur formlega verið sakaður um refsiverðan verknað eða grunur einungis beinst að honum án þess að til frekari aðgerða hafi komið. Verður því að telja að stefnandi hafi a.m.k. hlotið réttarstöðu sakbornings þegar farið var fram á rannsóknarúrskurð gegn honum þann 27. febrúar 2009. Var stefnandi því með réttarstöðu sakbornings frá því tímamarki og þar til málið var formlega fellt niður með bréfi dagsettu 14. október 2011. Að mati dómars varðar það ekki sjálfstætt bótaskyldu á grundvelli sakamálalaga að draga tilkynningu um niðurfellingu málsins. Ekki er af hálfu stefnanda byggt á almennum skaðabótareglum hvað þetta varðar. Eftir þessu er því hafnað að þessi málsástæða stefnanda leiði til bótaskyldu stefnda.

Stefndi byggir á því að lækka beri eða fella niður bætur til stefnanda þar sem hann hafi stuðlað að þeim aðgerðum sem hann krefst nú bóta fyrir. Að mati dómars liggur lítið fyrir um þau atvik sem liggja að baki hinum ætluðu brotum eða hver þáttur stefnanda var í þeim. Af þeim sökum er því hafnað að sýnt hafi verið fram á að stefnandi hafi stuðlað að þessum tilteknu aðgerðum hvort heldur er með því að vera þátttakandi í félagsskapnum eða á annan hátt og eru því ekki rök til að lækka eða fella niður bætur til stefnanda af þeim sökum.

Af hálfu stefnanda er þess krafist að honum verði dæmdar skaðabætur að fjárhæð 1.000.000 kr.

Stefnandi var spurður um það við aðalmeðferð málsins hvernig honum hafi orðið við þegar hann komst að því að sími hans hafði verið hlustaður á árinu 2009. Hann svaraði því til að honum hefði liðið hræðilega, honum hafi fundist eins og sér hefði verið nauðgað. Þetta hefði verið hræðileg tilfinning. „Persónuleg símtöl og annað slíkt sem hann hafi verið að tala við konuna sína og aðra...“

Það er mat dómars með hliðsjón af ofangreindu að símahlustunin hafi valdið stefnanda miska. Einnig ber að líta til þess að stefnandi var sakaður um alvarleg afbrot og að ekki voru rök til að draga tilkynningu til stefnanda um að símahlustun væri hætt.

Með vísan til ofangreinds þykja bætur til stefnanda hæfilega ákvarðaðar 150.000 kr., auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, eins og greinir í dómsorði.

Stefnandi hefur fengið gjafsóknarleyfi og greiðist allur málskostnaður hans sem er þóknun lögmanns hans, Flosa Hrafnis Sigurðssonar hdl., 900.000 kr., að meðtöldum virðisaukaskatti, og útlagður kostnaður 10.191 kr., úr ríkissjóði.

Málskostnaður á milli aðila fellur niður.

Vegna anna dómara hefur uppkvaðning dóms dregist fram yfir frest samkvæmt 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991. Aðilar málsins og dómari töldu að ekki

væri vegna þess þörf á að flytja málið að nýju.

Af hálfu stefnanda flutti mál þetta Flosi Hrafn Sigurðsson hdl. og af hálfu stefnda Einar Karl Hallvarðsson hrl.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir, settur héraðsdómari, kvað upp dóminn.

D Ó M S O R Ð

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda, A, 150.000 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 10. febrúar 2012, til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, 910.191 kr., greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns stefnanda, Flosa Hrafns Sigurðssonar hdl., 900.000 kr.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir (sign.)